

Rannsóknarnefnd Alþingis

00 291

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Rannsóknarnefnd Alþingis
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Alþingi
kt. 420169-3889
Kirkjustræti, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Rannsóknarnefndir eru öflugt úrræði sem Alþingi hefur til þess að rannsaka og upplýsa mikilvæg tilgreind mál sem almenning varða. Megintilgangurinn með störfum rannsóknarnefnda er að afla upplýsinga og gera grein fyrir málavöxtum og vera þannig grundvöllur frekari ákvarðana Alþingis og eftir atvikum stjórnvalda.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 5,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknarnefndar Alþingis fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ragna Árnadóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
	Tekjur samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld			
	Gjöld samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
	Afkoma ársins	<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	2	5.890.276	5.890.285
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		35.000	35.000
Handbært fé		0	5.039
Veltufjármunir samtals		<u>5.925.276</u>	<u>5.930.324</u>
Eignir samtals		<u><u>5.925.276</u></u>	<u><u>5.930.324</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign		0	0
Eigið fé samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	2	3.113.552	3.118.600
Ýmsar skammtímaskuldir	3	2.811.724	2.811.724
Skuldir samtals		<u>5.925.276</u>	<u>5.930.324</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>5.925.276</u></u>	<u><u>5.930.324</u></u>
Aðrar upplýsingar	4		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(5.039)	10
		(5.039)	10
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri		(5.039)	10
		<hr/>	<hr/>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(5.039)	10
Handbært fé í byrjun árs		5.039	5.029
Handbært fé í árslok		0	5.039
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

2 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	5.890.276	5.890.285
	<u>5.890.276</u>	<u>5.890.285</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	3.113.552	3.118.600
	<u>3.113.552</u>	<u>3.118.600</u>

3 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	2.811.724	2.811.724
	<u>2.811.724</u>	<u>2.811.724</u>

4 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá stofnuninni.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.